



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 25. nóvember 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Haukur Arnþórsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Katrín Baldursdóttir, Laufey Ólafsdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

### 2. Starfið á milli funda

Starfið rætt, m.a. útifundurinn vegna Samherjamálsins um síðustu helgi, sýnileiki í mótmælum og að um auka skrif okkar á Facebook-síðu flokksins.

### 3. Aðgerðir fyrir eftirlaunafólk og öryrkja

Rætt var um þá vinnu sem er í gangi á þeim vettvangi.

### 4. Verkefni fram að aðventufundi

#### a. Málefnanefndir: Húsnæði og Auðlindir

Farið yfir gang mála.

#### b. Öryrkjaráð, verkalýðsráð, innflytjendaráð

Engar nýja fréttir þaðan.

#### c. Fjölgun félaga

Menn voru hvattir til að vera sýnilegri á vefnum. Stefnt að því að hægt sé að skrá sig í flokkinn á ensku.

## 5. Maístjarnan

Engar nýja fréttir.

## 6. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 908.132 kr., Maístjarnan: 2.357.433 kr.  
Mikilvægi þess áréttað að án tafar verði ýtrekun sé send vegna félagsgjalda.

## 7. Önnur mál

Jóhann Helgi stakk upp á að fá Danann Mikkel Bolt til landsins sem fyrirlesara, þeir hafa verið í samskiptum. Ákveðið að ræða það frekar á næsta fundi.

Ákveðið að fara betur yfir og virkja Samviskuna sem fyrirst.